

**46. fundur Skóla- og frístundaráð, haldinn í fundarherbergi 3. hæð, Stillholti 16-18,
6. september 2016 og hófst hann kl. 16:30**

Fundinn sátu:

Sigríður Indriðadóttir formaður, Rakei Óskarsdóttir varaformaður, Kristinn Hallur Sveinsson aðalmaður, Ásthildur Ósk Ragnarsdóttir áheyrnarfulltrúi, Sigrún Inga Guðnadóttir áheyrnarfulltrúi og Svala Kristín Hreinsdóttir deildarstjóri skólaþróunar og sérfræðipjónustu.

Fundargerð ritaði: Svala Hreinsdóttir, deildarstjóri skólaþróunar og sérfræðipjónustu.

Fyrir tekið:

1. 1512260 - Starfsemi leikskóla - sumarskóli 2016

Leikskólar Akraneskaupstaðar loka í fimm vikur að sumri ár hvert. Boðið hefur verið upp á þjónustu sumarskóla leikskóla og var sú þjónusta í fimmta sinn sumarið 2016.

Á fundinn mættu Ingunn Ríkharðsdóttir leikskólastjóri Garðasels, Anney Ágústsdóttir leikskólastjóri Akrasels áheyrnarfulltrúar skólastjórnenda í leikskólum, Gunnur Hjálmsdóttir áheyrnarfulltrúi starfsmanna í leikskólum og Erla Karlsdóttir áheyrnarfulltrúi foreldra í leikskólum.

Anney fór yfir greinargerð vegna starfsemi sumarskóla leikskóla 2016. Skóla- og frístundaráð þakkar fyrir góða greinargerð og óskar eftir tillögum um fyrirkomulag á starfsemi sumarskóla 2017.

2. 1609013 - Nemendur í leikskólum utan lögheimilissveitarfélags - sameiginlegt forræði

Fyrirspurnir hafa borist frá foreldrum sem deila sameiginlegu forræði um leikskóladvöl barna utan lögheimils þess (í sveitarfélagi foreldri sem barnið hefur ekki lögheimili hjá).

Afgreiðslu málsins frestað.

3. 1608163 - Leikskólavist eftir fæðingarorlof - stefna og skipan mála hjá Akraneskaupstað

Fyrirspurn hefur borist frá Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar um stefnu og núverandi skipan mála til að brúa bilið milli fæðingarorlofs og leikskólavistar hjá sveitarfélaginu.

Anney, Ingunn, Gunnur og Erla viku af fundi kl. 17:45.

4. 1608170 - Umsókn um námsvist utan lögheimilissveitarfélags

Trúnaðarmál

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:00.

*Kristinn H. Sveinsson
Svala Hreinsdóttir
Sigríður Indriðadóttir
Rakei Óskarsdóttir
Ásthildur Ósk Ragnarsd.
Sigrún Inga Guðnadóttir*